

Breytingartillaga við tillögu Mazza

Til : Bæjarfulltrúar;Gunnar Jónsson;Erla Rún Sigurjónsdóttir
Frá : arnalara@gmail.com
Heiti : Breytingartillaga við tillögu Mazza
Málsnúmer : 2017090015
Málsaðili : Marzellíus Sveinbjörnsson
Skráð dags : 07.09.2017 11:35:04
Höfundur : arnalara@gmail.com

Sæl öll

Ég hyggst leggja fram eftirfarandi breytingartillögu við ályktun Mazza um stöðu sauðfjárbænda.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar lýsir áhyggjum af stöðu sauðfjárbænda á svæðinu og skorar á ríkisvaldið að standa við bakið á sauðfjárbændum í kjölfar lækkunar á afurðaverði, en fjöldi íbúa sveitarfélagsins úr hópi sauðfjárbænda horfa fram á þriðjungs lækkun á afurðaverði í haust og tekjuskerðingu í samræmi við það upp á tugi prósent, í kjölfar nærri 10% lækkunar afurðaverðs á síðasta ári. Þessar lækkanir munu koma harkalega niður á sveitum landsins og bitna sérstaklega á yngri bændum. Sauðfjárræktin er mikilvæg í dreifðum byggðum landsins og ef stjórnvöld vilja halda byggðajafnvægi, er fátt sem kemur í hennar stað - fyrirsjáanleg byggðaröskun er því í uppsiglingu. Það er mikilvægt að hafa hraðar hendur við að finna leiðir til mótvægis meðan bændur vaða þessa brimskafla. Í þeim efnum ætti að horfa sérstaklega til þeirra landsvæða sem hafa staðið í varnarbaráttu í byggðamálum og sér í lagi þar sem eru vannýtt tækifæri í afleiddum störfum og þjónustu sem nýta mætti til styrkingar byggðum. Á Vestfjörðum eru t.d. miklir möguleikar í matartengdri ferðaþjónustu í hærri verðflokkum, á meðan erfiðara er fyrir efnaminna ferðafólk að sækja Vestfirði heim. Auk þess eru á Vestfjörðum möguleikar á fleiri afleiddum störfum, s.s. í tengslum við slátrun og úrvinnslu afurða."

Bestu kveðjur, Arna Lára

--

Arna Lára Jónsdóttir